

A dark blue vertical bar runs down the left side of the page. A blue arrow points to the right from the middle of this bar.

ÁRSSKÝRSLA 2016



HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ
Á AKUREYRI

Several thin, curved lines in shades of blue and grey originate from the bottom left corner and sweep upwards and to the right.

AKUREYRI 2017

Efnisyfirlit


Formáli	4
Starfsemi	4
Viðburðir og sýningar.....	5
Verkefni.....	7
Námskeið og fundir.....	7
Rekstraryfirlit 2016	8
Afhendingar 2016	9

Formáli

Starfssvæði Héraðsskjalasafnsins á Akureyri nær yfir fimm sveitarfélög við Eyjafjörð, frá Hörgársveit vestan fjarðar til og með Grýtubakkahreppi austan Eyjafjarðar. Sveitarfélögin eru Akureyri ásamt Grímsey og Hrísey, Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahreppur, Hörgársveit og Svalbarðsstrandarhreppur. Íbúar á starfssvæðinu 1. desember 2016 voru 20.865 talsins og er Héraðsskjalasafnið á Akureyri þriðja stærsta héraðsskjalasafnið á landinu ef miðað er við fólksfjölda, á eftir Borgarskjalasafni og Héraðsskjalasafni Kópavogs.


Eftir því sem aðildarsveitarfélögin eru fleiri þeim mun fleiri eru þeir aðilar, stofnanir og starfsstöðvar sveitarfélaganna sem eru skyldugar til að afhenda skjöl sín á safnið. Afhendingarskyldunni tilheyrja einnig þær skyldur að fara að lögum og reglum um meðferð, skipulag og frágang skjalanna og eitt af meginhlutverkum héraðsskjalasafns er að hafa eftirlit með að afhendingarskyldir aðilar sinni þeim skyldum sínum.

Önnur hlutverk safnsins eru að taka við og innheimta skjöl frá afhendingarskyldum aðilum, sem eru sveitarfélögin og starfsemi sem þau reka, varðveita skjölin, gera þau aðgengileg með skrá, leiðbeina og veita upplýsingar, skapa aðstöðu til notkunar þeirra, gangast fyrir rannsóknum og afla einnig gagna frá einkaaðilum til að tryggja sem best að heimildir um þjóðarsöguna varðveitist og verði sem fjölbreyttastar.




Starfsemi

Á Héraðsskjalasafnið komu 752 gestir á árinu 2016 en 646 árið á undan. Mest munar þar um skólaheimsóknir grunnskólabarna í eldri bekkjum. Karlar voru tæp 70% gesta eða 526, en konur rúm 30% eða 226. Hlutur kvenna hefur heldur aukist ef litið er til nokkurra síðustu ára. Skjöl sem lánuð voru til notkunar á lestrarsal voru talin í 2834 skjalanúmerum og höðu aukist um rúm 5,6% frá fyrra ári. Tölur um fjölda gesta segja þó ekki alla sögu um samskipti við viðskiptavini því stærri hluti fyrirspurna og afgreiðslu fer fram eftir öðrum leiðum svo sem í tölvupósti og síma.



Á síðustu árum var fjöldi skjalaafhendinga á bilinu 83 og upp í 106 talsins en árið 2016 fór talan upp í 133 og jókst um rúm 25% frá fyrra ári. Í þessum 133 afhendingum voru tæpir 78 hillumetrar af skjölum. Á síðustu 5 árum hefur safnkosturinn aukist um rúma 436 hillumetra. Safnið fékk gott geymslupláss á árinu 2004 þegar byggt var við húsið og eldra húsnæði lagfært, geymslurnar eru ríflega 370 fermetra og hilluplássið um 2,5 hillukílómetrar. Ef viðbætur eru um 100 hillumetrar á ári þarf að huga að meira geymsluplássi á næstu 5-10 árum. Þess ber þó að geta að ekki hefur náðst að skrá og ganga varanlega frá stórum hluta af innkomnum skjölum síðustu ára vegna manneklu, en gera má ráð fyrir að þegar úr því verður bætt minnki umfang skjalanna talsvert.




Viðburðir og sýningar

Þann 16. júlí var innsigli rofið á lokuðum pakka sem Kristján frá Djúpalæk afhenti safninu árið 1979. Í pakkanum voru bréfaskipti Kristjáns og Böðvars Guðmundssonar skálds á Kirkjubóli í Hvítársíðu frá árunum 1943-1974. Skömmu fyrir lát Guðmundar árið 1974 ákváðu þeir félagar í sameiningu að loka þessum bréfaþakka og láta varðveita hann á Héraðsskjalasafninu á Akureyri. Kristján setti þau skilyrði við afhendingu að þakinn skyldi fyrst opnaður þegar 100 ár væru liðin frá fæðingu hans, þ.e. 16. júlí 2016. Aðalheiður Einarsdóttir systir Kristjáns opnaði þakann með aðstoð bæjarstjóra, Eiríks Björns Björgvinssonar. Bréfin eru nú opin almenningi og hægt að skoða þau á lestrarsal safnsins. Þetta eru þó ekki einu bréfin sem safnið geymir úr fórum Kristjáns frá Djúpalæk. Sonur hans, Kristján Kristjánsson, hafði áður afhent bréf og fleiri handrit, sem mikill fengur er í að varðveita. Þar í eru m.a. bréf frá um það bil 250 bréfiturum innlendum sem erlendum.



Bréfasafn skáldanna Kristjáns frá Djúpalæk og Guðmundar Böðvarssonar opnað 16. júlí 2016.

Í framhaldi af þessum viðburði setti Héraðsskjalasafnið upp sýningu á skjölum og öðru efni tengdum Kristjáni frá Djúpalæk undir heitinu „Meðal fólksins er vettvangur minn“. Sýnt var bréfasafnið sem opnað hafði verið um



Frá sýningunni „Meðal fólksins er vettvangur minn“.

sumarið, einnig fyrsta ljóðahandrit Kristjáns, Frá nyrstu ströndum, síða úr handritinu Óður steinsins, hugleiðingar hans um drauma og fyrra líf að ógleymdum minningarköflum úr eigin ævi sem Kristján sendi Kristjáni syni sínum þegar hann var við nám í Skotlandi. Þá var enn fremur á sýningunni handrit Kristjáns að úrvali óbundins máls, sem hann hugsaði sér að kæmi út á bók með titlinum Á sjónskífunni. Titillinn er dreginn af pistlum sem hann skrifaði í um árabíl með þessu nafni í dagblaðið Verkamanninn. Honum vannst þó ekki aldur til að ganga endanlega frá handritinu til útgáfu eða koma því á framfæri við forleggjara. Á sýningunni var hægt að setjast niður og horfa á landslags- og fjölskyldumyndir á

skjá, bæði myndir sem fylgdu einkaskjalasafni Kristjáns og myndir sem Sigurþór Hólm Tryggvason, systursonur Kristjáns lagði til úr safni móður sinnar Aðalheiðar Einarsdóttur frá Djúpalæk. Amtsbókasafnið lagði til útgefnaðar bækur og hljómplötur með efni um eða eftir Kristján og hægt var að hlusta á brot af þeim gríðarlega fjölda af söngtextum og dægurlagatextum sem Kristján samdi. Sýningin „Meðal fólksins er vettvangur minn“ sem stóð yfir 4. – 30. nóv. var í tengslum við samnefnda dagskrá sem Akureyrarstofa stóð fyrir í Hofi í samstarfi við Héraðsskjalasafn og Amtsbókasafn.

Opinber skjalasöfn á Norðurlöndum hafa lengi kynnt starfsemi sína með ýmsu móti. Árið 2001 sameinuðust þau um árlegan kynningardag, annan laugardag í nóvember. Héraðsskjalasafnið á Akureyri hefur síðan þá tekið þátt í Norræna skjaladeginum með ýmsu móti, t.d. með opnu húsi og sýningum. Einnig hefur verið sent inn efni og pistlar á vefinn skjaladagur.is þar sem birt er efni frá skjalasöfnum um land allt. Að þessu sinn bar skjaladaginn upp á 12. nóvember og var yfirskrift hans „Til hnífs og skeiðar“. Safnið tók þátt í þessum Norræna skjaladegi með því að senda inn pistla til birtingar á vefnum skjaladagur.is. Ákveðið var að gera veitingakonum á Akureyri skil, þ.e. konum sem ráku hótél og veitingastaði og héldu matreiðslunámskeið á árunum 1852-1924. Konurnar voru: Anna Steinunn Tómasdóttir (1863-d. í Noregi), hóteleigandi á Hótel Oddeyri, Jóninna Sigurðardóttir (1879-1962), húsmæðrakennari og hóteleigandi á Hótel Goðafoss í Hafnarstræti 95, Kristín Eggertsdóttir (1877-1924), matselja og hóteleigandi á Hótel Oddeyri og Vilhelmína Lever (1802-1879), Vertshús-Mína, gestgjafi og veitingakona.


Hótel Oddeyri í eigu Önnu Tómasdóttur var í sinni tíð eitt glæsilegasta húsið á Akureyri og stóð í Strandgötu 33. Anna varð fyrir talsverðum skakkaföllum þegar hótelið brann um haustið 1908, ásamt tveimur öðrum húsum á Oddeyri. Húsnæði og húsmunir voru lítið tryggt og matvæli og drykkjarföng ekkert. Anna hélt þó áfram, fyrst í Strandgötu 37 en 1910 fluttist hótelið í Standgötu 1 og var þar uns Anna hætti rekstrinum árið 1915.

Hallgrímur Einarsson/póstkort



Verkefni

Á árinu 2016 urðu þau þáttaskil að Þjóðskjalasafn Íslands hóf styrkveitingar til ákveðinna verkefna á héraðsskjalasöfnunum. Auglýstir voru til umsóknar verkefnastyrkir til skönnunar og miðlunar valdra skjalaflokka og við úthlutun átti skönnun og miðlun skjala frá því fyrir 1930 að njóta forgangs.



Fundargerðabók hreppsnæfndar Arnarneshrepps 1906.

gögnum sem líta má á sem öryggisafrit því hver og ein bók er einstök og upplýsingarnar í flestum tilfellum hvergi annars staðar til. Verkefni ársins 2017 verður svo að vinna ljósmyndirnar, skrá upplýsingar inn á hverja mynd og koma þeim í birtingu á vef. Til þess að það verkefni verði að veruleika þarf að sækja aftur um styrk.

Námskeið og fundir

Þann 22. júní stóð Héraðsskjalasafn Árnesinga fyrir málstofu um ljósmyndun, litgreiningu og afritun á skjölum í húsnæði Héraðsskjalasafns Kópavogs. Sigurður Gunnarsson ljósmyndari á Listasafni Íslands fór yfir vinnuferla við ljósmyndun skjala og það sem helst bera að hafa í huga þegar verið er að taka ljósmyndir af skjölum. Héraðsskjalavörður tók þátt í málstofunni í gegnum síma.



Einbeittir skjalaverðir á ráðstefnu í Mosfellsbæ.

áætlunar fyrir Héraðsskjalasafn Þingeyinga og í framhaldi af því var rætt um stofnun samstarfshóps um gerð öryggisáætlana. Rætt var um námsferð, utanlandsferð skjalavarða en ekki teknar ákvarðanir að sinni. Síðasta efni þessa dags var Þjónusta og miðlun – söfnin gerð sýnilegri. Framsögumenn þar voru Snorri, Svanhildur, Hrafn

Ákveðið var að sækja um verkefnastyrk fyrir ljósmyndun á brunavirðingum, fundargerðabókum bæjarstjórnar og bygginga- nefndar á Akureyri, auk þess á fundargerðabókum, hreppsókum og öðrum bókum sveitarfélaga á safnsvæðinu fram til 1930. Styrkur fékkst til verkefnisins, var hann nýttur til kaupa á búnaði og í launakostnað við að ljósmynda og síðla árs 2016 hófst vinna við ljósmyndun fyrrgreindra skjala. Alls voru teknar 19.738 myndir af opnum í 105 bókum. Þar með urðu til stafræn afrit af öllum þessum

Sjötta ráðstefna Félags héraðsskjalavarða var haldin í Mosfellsbæ 6.-7. október. Dagskrá ráðstefnunnar var fjölbreytt og byggðist að mestu upp á fyrirlestrum frá starfsmönnum héraðsskjalasafnanna. Fyrst var fjallað um þekkingarmiðlun þar sem framsögumenn voru Þorsteinn Tryggvi Mátsson Selfossi, Jóna Símónía Bjarnadóttir Ísafirði, Hrafn Sveinbjarnarson Kópavogi, Bára Stefánsdóttir Egilsstöðum og Aðalbjörg Sigmarsdóttir Akureyri. Næst var tekið fyrir eftirlit með skilaskyldum aðilum og þá héldu erindi Hrafn Sveinbjarnarson, Sólborg Una Pálsdóttir Skagafirði, Sævar Logi Ólafsson Selfossi og Svanhildur Bogadóttir Reykjavík. Því næst fjallaði Snorri Guðjón Sigurðsson Húsavík um gerð öryggis-

og Þorsteinn Tryggvi. Síðari daginn var tekið fyrir efnið Langtímavæðing og héraðs-
skjalasöfnin og framsögu höfðu Svanhildur og Þorsteinn Tryggvi. Næsti fyrirlestur var frá Maríu Karen
Sigurðardóttur forverði sem fræddi skjalaverði um forvörslu á héraðsskjalasöfnum og á eftir því skýrðu
styrkþegar verkefnastyrkja frá stöðu mála í miðlunarverkefnum. Hrafnkell Lárusson fyrrum héraðsskjalavörður
á Egilsstöðum og Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir á Akranesi komu næst með umfjöllun um samstarf héraðs-
skjalasafna og sagnfræðinga. Vibeke Þorbjörnsdóttir frá fjölskyldusviði Mosfellsbæjar hélt næsta fyrirlestu sem
fjallaði um málefni fatlaðra og skjöl í búsetukjörnum. Að lokum fjallaði svo Hrafn um handbókasöfn
héraðsskjalasafna. Héraðsskjalasafni Mosfellsbæjar og Birnu Mjöll Sigurðardóttur héraðs-skjalaverði eru færðar
bestu þakkir fyrir vel heppnaða ráðstefnu og gestrisnina.



Starfsfólk héraðsskjalasafnanna á ráðstefnu í Mosfellsbæ 6. – 7. okt. 2016.

Rekstraryfirlit 2016

Héraðsskjalasafnið á Akureyri er rekið af Akureyrarbæ með framlögum frá hinum aðildarsveitarfélögum sem
miðast við íbúafjölda hvers sveitarfélags 1. des. árið á undan. Ríkissjóður styrkir safnið árlega og ákvarðast sú fjárhæð
af fjárlögum hvers árs. Verkefnastyrkur frá Þjóðskjalasafni Íslands fékkst á þessu ári og er vonandi kominn til að vera,
þó ákvörðun um verkefni og fjárhæð verði breytileg milli ára.

Rekstrarkostnaður alls kr. 46.902.046.-

40	Tekjur - Framlag ríkissjóðs	856.072cr
40	Tekjur – Verkefnastyrkur Þjóðskjalasafns Íslands	1.360.000cr
40	Tekjur - Sveitarfélög utan Akureyrar	4.917.000cr
40	Aðrar tekjur	17.380cr
51	Launakostnaður/starfsmannakostnaður	18.388.619.-
52	Vörukaup, rafmagn og hiti	2.373.005.-
54	Húsaleiga/lausafjárleiga Fasteignafélags Ak.	24.524.721.-
54	Önnur þjónustukaup/ræsting	1.615.701.-

Akureyrarkaupstaður kr. 39.751.594.-

Afhendingar 2016 - yfirlit

Aðf.nr	Skjalamyndari	Hillum.	Hver afhenti
2016/1	Kvennaframboðið á Akureyri	0,13	Valgerður Bjarnadóttir, Gunnhildur Bragadóttir, Lára Ellingsen
2016/2	Kvennalistinn á Akureyri	0,03	Valgerður Bjarnadóttir, Gunnhildur Bragadóttir, Lára Ellingsen
2016/3	Kvennalistinn á Norðurlandi-eystra	0,04	Valgerður Bjarnadóttir, Gunnhildur Bragadóttir, Lára Ellingsen
2016/4	Norðurorka (Hitaveita Akureyrar)	0,22	Anna María Sigurðardóttir
2016/5	Pétur Björgvin Jónsson skósmiður (1889-1966)	0,04	Þorsteinn Pétursson
2016/6	Kvenfélagið Hlíf, Akureyri	0,03	Halldóra Stefánsdóttir
2016/7	Skipstjóra og stýrimannafélag Norðlendinga	1,2	Guðmundur Steingrímsson
2016/8	Hreinn Ketilsson og Hulda Halldórsdóttir, Sunnuhlíð, Svalb.	0,03	Hólmkell Hreinsson
2016/9	Eyjafjarðarsveit	0,03	Eyjafjarðarsveit (póstsent)
2016/10	Guðrún Anna Kristjánsdóttir og Sigmundur Óli Reykjalin Magnússon, Akureyri	0,5	Stefanía G. Sigmundsdóttir
2016/11	Patricia Allred, USA	0,03	Cathy Josephson
2016/12	Sigurjón Valdimarsson og Árni Sigurjónsson, Leifshúsum	0,45	Þórunn S. Björgvinsdóttir
2016/13	Sauðfjarræktarfélag Svalbarðsstrandar	0,08	Þórunn S. Björgvinsdóttir
2016/14	Eyjafjarðarprófastdæmi	0,03	Bára Stefánsdóttir
2016/15	Fjórdungssjúkrahúsið á Akureyri	0,03	Magnús Stefánsson
2016/16	Þórður Björgúlfsson, vélstjóri, verslunarmaður og heildsali Akureyri	0,03	Amtsbókasafn Þuríður Jóna Steinsdóttir
2016/17	Amtsbókasafnið á Akureyri	0,25	Herdís Anna Friðfinnsdóttir
2016/18	ITC-málfreyjufélagið Mjöll	0,37	Þórunn Sighvats
2016/19	Aðalgeir Pálsson skólastjóri Iðnskólans, kennari í VMA	4,75	Verkmenntaskólinn á Akureyri Þórhallur Ragnarsson
2016/20	Ræktunarsamband Saurbæjar- og Hrafnagilshrepps	0,39	Ásta Pétursdóttir
2016/21	Sveinspróf á Akureyri	0,2	Guðmundur S. Jóhannsson
2016/22	Veiðifélag Hörgár	0,1	Helgi Steinsson
2016/23	Lionsklúbburinn Vitaðsgjafi	0,03	Hjörtur Haraldsson
2016/24	Akureyrarbær - Framkvæmdadeild	2,35	Elín D. Guðjónsdóttir
2016/25	Akureyrarbær - Íþróttahöllin	0,11	Elín D. Guðjónsdóttir
2016/26	Akureyrarbær - Íþróttamiðstöð Giljaskóla	0,78	Elín D. Guðjónsdóttir
2016/27	Akureyrarbær - Félagssvið	1,26	Elín D. Guðjónsdóttir
2016/28	Framkvæmdanefnd um íbúðabyggingu aldraðra á Akureyri	0,53	Elín D. Guðjónsdóttir
2016/29	Akureyrarbær - Sundlaugin	0,82	Elín D. Guðjónsdóttir
2016/30	Akureyrarbær - Bæjarskrifstofur	0,34	Elín D. Guðjónsdóttir
2016/31	Norðurorka	0,11	Elín D. Guðjónsdóttir
2016/32	Sauðfjáreigendafélag Akureyrar	0,11	Pálmi Lárusson
2016/33	Magnús Stefánsson, Akureyri	0,03	Magnús Stefánsson
2016/34	Friðrik Kristjánsson og Kolfinna Gerður Pálsdóttir, Hrafnagili	0,33	Snæbjörn Friðriksson
2016/35	Samband norðlenskra kvenna	0,4	Snæbjörn Friðriksson
2016/36	Héraðssamband eyfirska kvenna	0,07	Snæbjörn Friðriksson
2016/37	Kvennaskólinn á Laugalandi	0,16	Snæbjörn Friðriksson
2016/38	Dagrún Kristjánsdóttir	0,41	Snæbjörn Friðriksson
2016/39	Iðja, félag verksmiðjufólks	0,39	Þorsteinn Arnórsson
2016/40	Jón G. Sólmes og Inga Sólmes, Akureyri	0,1	Halla Baldursdóttir
2016/41	Húsfélag Alþýðuhússins	0,19	Þorsteinn Arnórsson
2016/42	Verkalýðsfélagið Eining	0,95	Þorsteinn Arnórsson
2016/43	Iðja, félag verksmiðjufólks á Akureyri	0,7	Þorsteinn Arnórsson
2016/44	Alþýðusamband Norðurlands	0,53	Þorsteinn Arnórsson

Aðf.nr	Skjalamyndari	Hillum.	Hver afhenti
2016/45	Verkalýðsfélagið Vaka Siglufirði	0,12	Þorsteinn Arnórsson
2016/46	Eining-Iðja	0,05	Þorsteinn Arnórsson
2016/47	Öldrunarheimili Akureyrar	2,04	Helga Erlingsdóttir
2016/48	Leikskólinn Krógaból	0,68	Líney Elíasdóttir
2016/49	Ragnhildur Einarsdóttir, Siglufirði og Grímsey	0,03	Ásrún Alfreðsdóttir
2016/50	Jón G. Sólnes og Inga Sólnes, Akureyri	1,15	Júlíus Sólnes
2016/51	Sverrir Ragnars, Akureyri	0,51	Gunnar Ragnars
2016/52	Verslunin Ragnar Ólafsson/Ragnar Ólafsson hf	0,45	Gunnar Ragnars
2016/53	Stefán Valgeirsson, alþingismaður frá Auðbrekku	0,08	Anna Karólína Stefánsdóttir
2016/54	Fjóla Guðmundsdóttir, húsfreyja Auðbrekku o.v.	0,08	Anna Karólína Stefánsdóttir
2016/55	Heilsugæslustöðin á Akureyri	0,08	Anna Karólína Stefánsdóttir
2016/56	Akureyrarbær-Fjölskyldudeild-Skólategymi	4,6	Elín Sigurbjörg Jónsdóttir
2016/57	Kvenfélag Hörgdæla	0,03	Ragna Pálsdóttir
2016/58	Íslandsdeild Nordisk jordbrugsforskerer forening	0,03	Bjarni Guðleifsson
2016/59	Ræktunarfélag Norðurlands	0,03	Bjarni Guðleifsson
2016/60	Leikskólinn Sunnuból	4,7	Kristín Sigurðardóttir/Sesselía Sigurðardóttir
2016/61	Bjarni Guðleifsson, Möðruvöllum	0,43	Bjarni Guðleifsson
2016/62	Gásafélagið	0,04	Bjarni Guðleifsson
2016/63	Einar Magnússon, Akureyri	1,15	Einar Magnússon
2016/64	Björn Halldórsson, lögfræðingur Akureyri	0,45	Guðmundur Karl Björnsson
2016/65	Valdimar Jakobsson Thorarensen, málafl.maður Akureyri	0,2	Guðmundur Karl Björnsson
2016/66	Benedikt Einarsson, söðlasmiður Akureyri	0,03	Guðmundur Karl Björnsson
2016/67	Bókaverslun Þorsteins Thorlacíus Akureyri	0,03	Guðmundur Karl Björnsson
2016/68	Hótel Gullfoss, Akureyri	0,04	Guðmundur Karl Björnsson
2016/69	Samband norðlenskra kvenna	0,03	Guðmundur Karl Björnsson
2016/70	Skóverslun Lyngdals	0,4	Guðmundur Karl Björnsson
2016/71	1. maínefnd verkalýðsfélaganna	0,1	Þorsteinn Arnórsson
2016/72	Alþýðusamband Norðurlands	0,28	Þorsteinn Arnórsson
2016/73	Verkavennafélagið Brynja Siglufirði	0,03	Þorsteinn Arnórsson
2016/74	Verkalýðsfélagið Eining	0,93	Þorsteinn Arnórsson
2016/75	Iðja, félag verksmiðjufólks á Akureyri	0,86	Þorsteinn Arnórsson
2016/76	Pöntunarfélag verkalýðsins	0,08	Þorsteinn Arnórsson
2016/77	Sjómannafélag Norðurlands	0,03	Þorsteinn Arnórsson
2016/78	Sjómannafélagið Víkingur Siglufirði	0,03	Þorsteinn Arnórsson
2016/79	Starfsmannafélag síldarverkmiðju ríkisins Siglufirði	0,03	Þorsteinn Arnórsson
2016/80	Verkalýðsfélagið Vaka Siglufirði	0,97	Þorsteinn Arnórsson
2016/81	Verkalýðsfélag Hríseyjar	0,13	Þorsteinn Arnórsson
2016/82	Verkamannafélag Siglufjarðar	0,03	Þorsteinn Arnórsson
2016/83	Verslunarmannafélag Siglufjarðar	0,03	Þorsteinn Arnórsson
2016/84	Verkamannafélagið Þróttur Siglufirði	0,24	Þorsteinn Arnórsson
2016/85	Verkalýðsfélag Akureyrar	0,03	Þorsteinn Arnórsson
2016/86	Anna María Ísleifsdóttir og Frímenn Frímansson, Akureyri	0,24	Anna M. Einarsdóttir, Ásta S. Einarsdóttir og Kristín Hreiðarsdóttir
2016/87	Friðbjörg Anna Jóhannsdóttir, Syðri-Reistará	0,03	Anna Garðarsdóttir
2016/88	Óbyggðanefnd	0,25	Lögmenn Suðurlandi Ólafur Björnsson
2016/89	Öngulsstaðahreppur	0,03	Valgerður Schiöth
2016/90	Jón Sigfússon, starfsmaður í prentsmiðju Akureyri	0,06	Jón Sigfússon
2016/91	Guðrún Sigurðardóttir, Akureyri	0,09	Guðrún Sigurðardóttir
2016/92	Stefán Sigurðsson, iðnverkamaður Akureyri (1919-)	0,03	Amtsþókasafn Sigrún Ingimarsdóttir
2016/93	Jón Pálsson, trésmíðameistari Akureyri (1885-1972)	0,04	Kristinn Björnsson

Aðf.nr	Skjalamyndari	Hillum.	Hver afhenti
2016/94	Havsteensverslun, Akureyri	0,04	Árni Emil Bjarnason
2016/95	Anna Karólína Stefánsdóttir, Akureyri	0,04	Anna Karólína Stefánsdóttir
2016/96	Helga Hauksdóttir, Akureyri	0,03	Amtsbókasafn Puríður Jóna Steinsdóttir
2016/97	Ræktunarfélag Norðurlands	0,03	Bjarni E. Guðleifsson
2016/98	Lárus Björnsson, trésmiður Akureyri	0,23	NN kona
2016/99	Akureyrarbær - Starfmannabjónusta	1,65	Elín D. Guðjónsdóttir
2016/100	Akureyrarbær - Menntasmiðjan	2,38	Elín D. Guðjónsdóttir
2016/101	Akureyrarbær - Húsnæðisskrifstofan á Akureyri - húsnæðisdeild	6,45	Elín D. Guðjónsdóttir
2016/102	Grímseyjarhreppur	0,03	Elín D. Guðjónsdóttir
2016/103	Skautafélag Akureyrar	0,03	Elín D. Guðjónsdóttir
2016/104	Bakkabræður	0,3	Elín D. Guðjónsdóttir
2016/105	Barnaskóli Akureyrar	0,25	Elín D. Guðjónsdóttir
2016/106	Akureyrarbær - kjörskrár	0,08	Elín D. Guðjónsdóttir
2016/107	Gagnfræðaskóli Akureyrar	0,03	Elín D. Guðjónsdóttir
2016/108	Heilsugæslustöðin á Akureyri	0,03	Elín D. Guðjónsdóttir
2016/109	Jón Júlíus Þorsteinsson, Akureyri o.v.	1,35	Sigrún Hafsteinsdóttir
2016/110	Íþróttafélagið Magni Grenivík	0,06	Björn Ingólfsson
2016/111	Framfarafélag Grýtubakkahrepps síðar Búnaðarfélag Grýtubakkahrepps	0,04	Björn Ingólfsson
2016/112	Kaldbakur hf Grenivík	0,03	Björn Ingólfsson
2016/113	Óskar Jónsson, bóndi Kolgerði	0,06	Björn Ingólfsson
2016/114	Sparisjóður Höfðhverfinga	0,03	Björn Ingólfsson
2016/115	Kaldbaksferðir ehf	0,03	Björn Ingólfsson
2016/116	Þorbjörn Áskelsson, útgerðarmaður og bóndi Ægissíðu Grenivík	0,03	Björn Ingólfsson
2016/117	Grýtubakkahreppur	0,03	Björn Ingólfsson
2016/118	Ferðafélagið Fjörðungur	0,04	Björn Ingólfsson
2016/119	Rósberg Snædal, kennari og rithöfundur Akureyri	0,03	Gígja Snædal
2016/120	Gunnar Kristjánsson, klæðskeri Akureyri	0,06	Sólrun M Gunnarsdóttir
2016/121	Kjartan Ragnars, Kópavogi	0,03	Kjartan Ragnars
2016/122	Ingibjörg Daðadóttir og Sigurður Magnússon, Stykkishólmi	0,03	Gunnur Ringsted
2016/123	Leikskólinn Holtakot	1,86	Snjólaug Brjánsdóttir
2016/124	Leikskólinn Síðusel	3,38	Snjólaug Brjánsdóttir
2016/125	Ingibjörg Pálsdóttir, Kristnesi	1,6	Minjasafnið á Akureyri Hörður Geirsson
2016/126	Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri	0,03	Magnús Stefánsson
2016/127	Magnús Stefánsson, læknir Akureyri	0,03	Magnús Stefánsson
2016/128	Tómas Benediktsson, bóndi og kennari Hólum, Gnúpufelli o.v.	0,03	Gunnar Jónsson /Ingibjörg Bjarnadóttir Gnúpufelli
2016/129	Magnús Magnússon, byggingameistari Akureyri	0,03	Amtsbókasafn Sigrún Ingimarsdóttir
2016/130	Óbyggðanefnd	0,04	Lögmenn Suðurlandi Ólafur Björnsson
2016/131	Akureyrarbær - Skóladeild - Dagvistardeild - Leikskóladeild	6,16	Elín D. Guðjónsdóttir
2016/132	Akureyrarbær - Skóladeild - Skóla- og menningardeild - Fræðslu og frístundasvið	9,24	Elín D. Guðjónsdóttir
2016/133	Jónas Jónsson frá Brekkakoti, kennari á Akureyri	0,43	Borghildur Einarsdóttir
	Hillumetrar alls	77,97	

© Héraðsskjalasafnið á Akureyri 2017
Texti: Aðalbjörg Sigmarsdóttir
Prófarkalestur: Lára Ágústa Ólafsdóttir
Vefútgáfa: <http://www.herak.is/um-safnid/arsskyrslur>